

**Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
b/t Ragnheiðar Bogadóttir  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 9. mars 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Þríhnjúkahelli (68. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreina tillögu sem felur í sér að Alþingi skori á menntamálaráðherra til að hefja vinnu við að gera Þríhnjúkahelli aðgengilegan fyrir ferðamenn.*

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga enda mikilvægt að efla enn frekar íslenskan ferðamannaíðnað, sem er mikilvæg stoð samfélagsins og hagkerfisins í heild. Það félag sem um ræðir í greinargerð frumvarpsins endurspeglar enn fremur þann ómissandi kraft sem einkaframtakið hefur upp á að bjóða og þann kraft ber að efla.

Í ljósi núverandi ástands efnahagsmála, þar sem mörg mun brýnni verkefni bíða úrlausnar, leggur Viðskiptaráð til að verkefni þetta verði annað hvort sett í ferli hratt og örugglega eða það fært aftar í forgangsröð stjórnvalda. Hugur ráðamanna þarf að vera á endurreisn hagkerfisins.

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs